



Kvika banki hf.
Sigurður Hannesson, stjórnarformaður
Ármann Þorvaldsson, forstjóri
Katrínartúni 2
105 Reykjavík

Reykjavík, 27. maí 2025

Stjórn Arion banka hf. óskar hér með eftir því við stjórn Kviku banka hf. að gengið verði til samningaviðræðna um sameiningu félaganna tveggja.

Það er mat stjórnar Arion banka að sameinuð stæðu félögin sterkari en hvort í sínu lagi. Einkum er þá horft til eftirfarandi þátta:

- Svigrúms til hagræðingar í rekstri
- Lægri fjármögnunarkostnaðar
- Aukinnar áhættudreifingar
- Tækifæra til tekjuaukningar

Verði fallist á erindi þetta leggur stjórn Arion banka til að við ákvörðun skiptihlutfalls verði horft til markaðsverðs félaganna, eftir atvikum að teknu tilliti til gengisþróunar á tímabili sem aðilar kæmu sér saman um.

Það er mat stjórnar Arion banka að samruni myndi skila verulegum verðmætum til hluthafa ásamt því að auka skilvirkni á fjármálamarkaði sem kæmi viðskiptavinum félaganna til góða.

Samþykki stjórn Kviku banka að ganga til samningaviðræðna þá óskar stjórn Arion banka eftir því að fulltrúar samningsaðila og ráðgjafar þeirra eigi fund sem fyrst með það fyrir augum að ná saman um tilhögun viðræðna, verkstrauma og tímaáætlun. Í því samhengi skal fram tekið að þar sem hlutabréf félaganna eru skráð í kauphöll er gengið út frá því að könnun á áreiðanleika upplýsinga um félögin verði afmörkuð og henni sniðinn þröngur stakkur í tíma.

Þess skal loks látið getið að Arion banki hyggst í ljósi regluverks á fjármálamarkaði birta bréf þetta ásamt viðeigandi tilkynningu í fréttakerfi Nasdaq.

Virðingarfyllst,

Paul Horner
Stjórnarformaður Arion banka hf.

Benedikt Gíslason
Forstjóri Arion banka hf.